



Akraneskaupstaður
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 19. febrúar 2021
Tilv. 2005300/1.5.3

Efni: Mat á umfangi og kostnaði við mögulega niðurlagningu Héraðsskjalasafn Akraness

Vísað er í bréf Akraneskaupstaðar dags. 27. maí 2020 þar sem óskað er eftir formlegu mati Þjóðskjalasafns Íslands á umfangi og kostnaði ef til þess kæmi að Héraðsskjalasafn Akraness yrði lagt niður og safngögnin flutt í Þjóðskjalasafn. Auk þess bárust Þjóðskjalasafni nánari upplýsingar um umfang safnkosts Héraðsskjalasafnsins með tölvupósti 26. júní 2020.

Lagaákvæði um héraðsskjalasöfn og flutning safnkosts í Þjóðskjalasafn ef starfsemi er hætt

Héraðsskjalasöfn starfa eftir lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Um héraðsskjalasöfn er sérstaklega fjallað um í 9.-12. gr. laganna. Auk þess er fjallað er um hlutverk opinberra skjalasafna í 13. gr. laganna og öðrum greinum eins og við á.

Í 10. gr. laga um opinber skjalasöfn er fjallað um heimild til reksturs héraðsskjalasafns og afturköllun rekstrarleyfis. Í 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi fram:

„Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau faglegu skilyrði sem voru forsenda fyrir rekstrarleyfi safnsins skal Þjóðskjalasafn Íslands vekja athygli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða byggðasamlags á því sem aflaga er talið fara og óska úrbóta fyrir ákveðinn tíma. Sé ítrekaðri viðvörðun ekki sinnt skal Þjóðskjalasafn afturkalla rekstrarleyfi viðkomandi héraðsskjalasafns og láta flytja safngögnin úr því í Þjóðskjalasafn Íslands á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélags eða byggðasamlags.

Ef starfsemi byggðasamlags um héraðsskjalasafn er hætt skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands safngögnin á kostnað þeirra sveitarfélaga sem stóðu að því í samræmi við síðastgildandi skiptingu kostnaðar við rekstur byggðasamlagsins.“

Þjóðskjalasafni Íslands þykir rétt að gera fyrirvara um hvaða skjöl í safnkosti Héraðsskjalasafns Akraness skuli flutt til Þjóðskjalasafns ef safnið verður lagt niður. Í 2. mgr. 10. gr. laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um að ef rekstri héraðsskjalasafns sé hætt skuli flytja safngögnin til Þjóðskjalasafns Íslands. Í ákvæðinu er ekki sérstaklega kveðið á um hvaða safngögn skuli flytja og má því skilja það sem svo að um öll safngögn sé að ræða, þ.e. bæði skjalasöfn afhendingarskyldra aðila og einkaskjalasöfn. Þó er rétt að benda á að í 4. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um að afhendingarskyldum aðilum sé skylt að afhenda skjalasöfn sín til opinbers skjalasafns í samræmi við ákvæði laganna. Í 1. mgr. 16. gr. laganna er svo heimildaákvæði um að opinberum skjalasöfnum sé heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila (einkaskjalasöfn) til varðveislu. Af ákvæðunum leiðir að skjöl afhendingarskyldra aðila má aðeins varðveita í opinberu skjalasafni en ekki eru slík ákvæði um einkaskjalasöfn. Á fundi með forstöðumanni menningar- og safnamála

Akraneskaupstaðar 26. febrúar sl. kom fram fyrirspurn um hvort að Þjóðskjalasafn gerði kröfu um að ljósmyndir og einkaskjalasöfn í safnkosti héraðsskjalasafnsins yrðu líka afhent ef til niðurlagningar kæmi. Í ljósi framangreinds lýsir Þjóðskjalasafn yfir vilja til þess að gera samkomulag um að varðveisla einkaskjalasafna og ljósmynda verði áfram á Akranesi ef áhugi og aðstaða er til að varðveita skjölin þar en skjöl afhendingarskyldra aðila verði afhent í Þjóðskjalasafn.

Kostnaðarliðir við niðurlagningu héraðsskjalasafns

Taki bæjarstjórn Akraness ákvörðun um að hætta starfsemi Héraðsskjalasafns Akraness myndi sveitarfélagið bera allan kostnað af því að flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn Íslands. Kostnaður af flutningi safngagna í Þjóðskjalasafn samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- a) Flutningskostnaður skjalanna frá Akranesi í geymslur Þjóðskjalasafns í Reykjavík.
- b) Kostnaður við að gera skjölin tilbúin til flutnings og röðun í hillur í Þjóðskjalasafni.
- c) Kostnaður við að koma skrám Héraðsskjalasafns Akraness í gagnagrunn Þjóðskjalasafns og merkja skjalaöskjur upp á nýtt.
- d) Kostnaður við frágang og skráningu á skjölum afhendingarskyldra aðila sem ekki uppfylla reglur nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu á pappírsskjölum afhendingarskyldra aðila.

Auk þess mun falla til kostnaður við varðveislu skjalanna í Þjóðskjalasafni Íslands, og annarra skjala sem sveitarfélagið mun í framtíðinni afhenda til varðveislu. Í 4. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um að sveitarfélag sem afhendir Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín til vörslu greiði fyrir vörslu þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Ekki hefur enn verið sett slík gjaldskrá en hún er í vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Rétt er að benda á að í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum um opinber skjalasöfn kemur fram að ákvæði um að sveitarfélög greiði fyrir vörslu skjala í Þjóðskjalasafni sé „sett fram til að tryggja jafnræði milli sveitarfélaga hvað varðar kostnað vegna lögbundinnar vörslu og meðferðar opinberra skjala þar sem sveitarfélög ýmist greiði kostnað vegna reksturs héraðsskjalasafns eða vegna skila á afhendingarskyldum gögnum til Þjóðskjalasafns“. Þannig er vilji löggjafans að öll sveitarfélög greiði fyrir langtímavörslu sinna skjala, hvort sem þau eru aðilar að héraðsskjalasafni eða ekki og jafnræði eigi að vera um þann kostnað. Vegna þessa ákvæðis mun sveitarfélagið jafnframt bera eftirfarandi kostnað til framtíðar:

- e) Kostnað við varðveislu skjala í Þjóðskjalasafni Íslands.

Forsendur kostnaðarmats

Kostnaðarmat Þjóðskjalasafns Íslands byggir á eftirfarandi forsendum:

- a) Gjaldi fyrir flutning á 80-100 vörubrettum af skjölum frá Akranesi til Reykjavíkur frá flutningaþjónustu. Umfang alls safnkosts Héraðsskjalasafns Akraness er 811 hillumetrar og er reiknað með að 8-10 hillumetrar af skjölum komist á hvert vörubretti. Vísað er á verðskrá flutningafyrirtækja.
- b) Vinna starfsfólks Þjóðskjalasafns við að gera skjölin tilbúin til flutnings á 80-100 vörubretti. Reiknað er með að það taki um 2 vinnustundir að gera hvert vörubretti tilbúið til flutnings og svo raða skjölum af því í hillur í Þjóðskjalasafni.
- c) Vinna starfsfólks Þjóðskjalasafns við að koma skrám Héraðsskjalasafns Akraness yfir skjalasöfn sem eru frágengin og skráð í gagnagrunn Þjóðskjalasafns og merkja skjalaöskjur upp á nýtt. Reikna má með að nokkur vinna felist í því að lagfæra skrár og koma þeim inn í kerfi Þjóðskjalasafns. Reiknað er með 0,5 vinnustundum á hillumetra þess hluta safnkostsins sem er frágenginn og skráður, sem eru 481 hillumetri.

- d) Samkvæmt upplýsingum frá Akraneskaupstað eru 243 hillumetrar af skjölum afhendingarskyldra aðila ófrágengin og óskráð. Einkaskjalasöfn sem eru ófrágengin og óskráð eru 87 hillumetrar. Reiknað er með að það taki 16 vinnustundir að skrá og ganga frá hverjum hillumetra af skjölum ásamt umbúðakostnaði.
- e) Kostnaður við varðveislu skjala í Þjóðskjalasafni liggur ekki fyrir á þessari stundu.


Kostnaðarmat

Það er mat Þjóðskjalasafns að kostnaður við flutning safnkosts Héraðsskjalasafns Akraness ef allur safnkostur er fluttur sé um 42,6 m.kr. auk kostnaðar við flutning skjalanna með flutningabíl. Ef einkaskjalasöfn eru undanskilin yrði kostnaðurinn um 31,8 m.kr. auk kostnaðar við flutning skjalanna með flutningabíl.


Rétt er að setja þann fyrirvara að Þjóðskjalasafn hefur ekki tekið út né skoðað safnkost Héraðsskjalasafns Akraness né geymsluskrár. Því getur kostnaðarmat breyst eftir ástandi safnkosts og geymsluskráa.

Kostnaðarmat þetta er gert af höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Beðið er velvirðingar á hversu langan tíma hefur tekið að afgreiða erindið.

Virðingarfyllt,



Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður



Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs

Fylgiskjal: Kostnaðaráætlun yfir flutning safnkosts Héraðsskjalasafns Akraness